

**Nd.**

**143. Nefndarálit**

um frv. til laga um hækkun slysabóta og uppbót á ellilaun og örorkubætur.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefir orðið ásátt um, að sanngjarnt sé, með tilliti til hinnar auknu dýrtíðar, að hækka bætur þær og styrki, sem um ræðir í frv., svipað því, sem gert hefir verið um kaupgjald, og mælir því með samþykkt frv.

Til glöggvunar á því, hvern kostnaðarauka fyrir ríkissjóð leiðir af samþykkt 2. gr. frv., skal þess getið, að framlag lífeyrissjóðs Íslands til ellilauna og örorkubóta samkv. 2. tölul. 80. gr. alþýðutryggingalaganna fyrir árið 1940, sem ákveðið var samkvæmt úthlutun sveitar- og bæjarstjórna á síðastliðnu hausti, nemur um 314 þúsund krónum. Er það sú upphæð, sem hækkunin kæmi á, ef öll sveitar- og bæjarfélög á landinu notuðu sér heimildina til fulls, en það er skilyrði fyrir hækkun á framlagi lífeyrissjóðs, að hlutaðeigandi sveitarfélag greiði tilsvarandi hækkun að sínum hluta. En um það er hvert sveitarfélag sjálfrátt.

Árið 1938 námu greiðslur slysatryggingarinnar til dánar- og örorkubóta og dagpeninga kr. 375154.90, en síðastliðið ár kr. 298644.30. Eru greiðslur þessar mjög mismunandi frá ári til árs.

Alþingi, 14. marz 1940.

Thor Thors,  
form.

Vilm. Jónsson,  
fundaskr., frsm.

Garðar Þorsteinsson.

Bergur Jónsson.

Sveinbjörn Högnason.